

HAFNARFJARÐARBÆR

**Umhverfis- og
skipulagsþjónusta**



www.hafnarfjordur.is



Ásvellir

11. fundur starfshóps um uppbyggingu Ásvalla var haldinn á Ásvöllum,
þann 10. maí 2016 kl. 17:20.

Viðstaddir voru.

Starfshópur.

Helga Ingólfssdóttir, formaður	HI
Helga B Arnardóttir	HBA
Friðþjófur H Karlsson	FHK
Samúel Guðmundsson	SG
Ingimar Haraldsson	IH

Með starfshópnum starfa:

Sigurður Haraldsson	SH	Sviðsstjóri
Geir Bjarnason	GB	Íþróttafulltrúi
Magnús Gunnarsson	MG	Framkvæmdastjóri Hauka

Ingimar Haraldsson sat fundinn í forföllum Þorgeirs Haraldssonar.
Eftirfarandi var tekið fyrir.

1. **Samþykkt fundargerða.** 10. fundargerð samþykkt
2. Lagt fram minnisblað frá Mannvit vegna burðarvirkis.
Minnisblaðið er dagsett 28. apríl 2016 og þar er farið yfir kostnað vegna þrennskonar burðarvirkis. Farið var ýtarlega yfir kostnað og útfærslur og samþykkti starfshópurinn tillögu SH að fara í útfærslu 1.
3. Hönnuðir.
Starfshópurinn samþykkir að ganga til samninga við hönnuði. ASK arkitektar munu vera aðalhönnuðir, þeir hafa verið með hönnun íþróttahússins frá 2007, en samningur var gerður við þá á þeim tíma. Haukar munu leggja til aðra hönnuði en þeir eru: Hnit vegna burðarvirkis, Mannvit vegna lagna og loftræsilagna og Tækniþjónustan vegna raflagnahönnunar. Samhliða hönnun verður unnin þarfagreining vegna húsnæðisins og farið yfir hönnunarforsendur og kostnaðaráætlun unnin.
4. Hönnun.
Fullnaðarhönnun á að vera vegna íþróttasalar og geymslu. Aðaluppdrætti á að vinna vegna forsalar og hæðar ofan á forsalar..

Næsti fundur verður boðaður sérstaklega að Ásvöllum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:20.